

Alþingi
Nefndasvið Kristjana Benediksdóttir
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/234
komudagur 23.11.2009

Akranesi 19. nóvember 2009

Tilvísun: L09110009/022.1/MG/-

Efni: Umsögn um þingsályktun um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu

Þann 12. nóvember 2009 barst Landmælingum Íslands beiðni frá nefndarsviði Alþingis um umsögn vegna tillögu um þingsályktun um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu.


Eftirfarandi er umsögn og ábendingar stofnunarinnar:

1. Landmælingar Íslands fagna þessari þingsályktun og telja hana gott skref í þá átt að skipuleggja sjálfbæra landnotkun og vernda einstæða náttúru á hálandi Íslands.
2. Landmælingar Íslands hafa tiltæk ýmis gögn sem geta nýst við það verkefni sem þessi þingsályktun fjallar um. Má þar nefna stafræn kortagögn s.s. GPS mælda vegi og slóða (um 6000 km á hálandi Íslands), örnefni og stjórnsýslumörk auk nýrra nákvæmra gervitunglamynd. Stofnunin er að sjálfsögðu reiðubúin að aðstoða við að koma þessum gögnum í notkun í verkefninu.
3. Landmælingar Íslands hafa nýlega lokið kortlagningu á landgerðum og landnotkun af öllu Íslands, en það verkefni var unnið í samvinnu við öll sveitarfélög landsins og fjölda opinberra stofnana. Verkefnið nefnist **CORINE** og er það samevrópskt landflokunarverkefni sem felur í sér kortlagningu á landgerðum með sömu aðferðum og á sama tíma í flestum löndum Evrópu. Verkefninu í heild er stýrt af Umhverfisstofnun Evrópu sem samræmir vinnubrögðin og sér um gæðaeftirlit. CORINE-flokkunin virðist geta nýst mjög vel ásamt öðrum upplýsingum við gerð landnýtingaráætlunar um ferðamennsku á hálandinu. Skýrslu um verkefnið og upplýsingar um gögnin má finna á eftirfarandi slóð á heimasíðu Landmælinga Íslands: http://www.lmi.is/Files/Skra_0037626.pdf
4. Landmælingar Íslands vilja einnig benda á að á sumum sviðum vantar að afla nýrra gagna til að geta unnið þá landnýtingaráætlun sem hér er fjallað um, enda mikið í húfi ef ferðamönnum mun fjölga eins og áætlanir segja til um. Þau gögn og upplýsingar sem vantar að afla þarf að greina í samvinnu við þær stofnanir sem hafa það hlutverk að kortleggja eða vakta yfirborð, umhverfi og náttúru Íslands s.s. Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Landmælingar Íslands, Veðurstofu Íslands og Veiðimálastofnun svo einhverjar séu nefndar. Einnig er mjög mikilvægt að haft sé náð samráð við Skipulagsstofnun vegna verkefnis sem þessa.



5. Landmælingar Íslands hafa ekki forsendur til að leggja mat á kostnað við gerð landnýtingaráætlunar fyrir ferðamennsku á hálendi Íslands. Það er hinsvegar ljóst að við öflun grunnagagna um náttúru Íslands sem ekki eru fyrir hendi þá nær ávinningurinn langt út fyrir þetta verkefni þar sem gögnin munu nýtast í mörgum öðrum verkefnum. Dæmi um slík verkefni er t.d. landgræðsla og átak við að koma í veg fyrir akstur utan vega.

Bestu kveðjur


Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands